



BYGGÐASTOFNUN

Framtíð fyrir brothættar byggðir

Umsóknir nýrra byggðarlaga

UMSÓKN

Hverjir standa að umsókninni?

Sveitarfélag, landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélag standa að umsókn sameiginlega og í samstarfi við íbúasamtök, ef þau eru til staðar.

Umsókn um þátttöku í verkefninu sé samþykkt samhljóða í sveitarstjórn.

Hvað þarf að koma fram í umsókn?

Lýsing á stöðu í byggðarlaginu og ástæða umsóknar. Meðal atriða sem lýsing getur tekið til, er þróun, fjöldi og samsetning íbúa undanfarin ár, staða í atvinnumálum og samfélagi.

Einnig komi fram hver eru helstu sóknarfæri.

Hvernig verður fjallað um umsókn?

Stjórn Byggðastofnunar fjallar um umsóknir og tekur ákvörðun um hvaða byggðarlög fara inn í verkefnið. Ljóst er að færri munu komast að en vilja. Umsóknir byggðarlaga sem ekki komast inn í verkefnið á árinu 2015 flytjast inn í umsóknarferli næsta árs.



KJARNI VERKEFNISINS

Verkefnið byggir á hugtakinu „Valdefling“ (empowerment), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.

Markmið verkefnisins eru skilgreind þannig:

- Að auka vitund fólks í brothættum byggðarlögum um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að virkja frumkvæði íbúa og samtakamátt.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsörðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlög.

Varðandi væntingar um árangur skiptir miklu máli að ljóst sé frá upphafi hverju er verið að lofa íbúum í hinum „brothættu byggðum“.

Loforð verkefnisstjórna hefur til þessa verið þannig orðað gagnvart byggðarlögum í verkefninu:

Verkefnisstjórnin hyggst vinna með íbúum xxx og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni ykkar og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar, í málum sem snúa að Byggðastofnun, sveitarfélagi, atvinnuþróunarfélagi og landshlutasamtökum sveitarfélaga. Við ákvarðanir þessara aðila verður upplýst hvernig skilaboð íbúapingsins voru höfð til hliðsjónar. Verkefnisstjórnin mun einnig koma niðurstöðum íbúapingsins á framfæri við ríkisstjórn og stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun byggðar á xxx.

Hér má sjá að ekki er verið að lofa fjölgun íbúa eða atvinnutækifæra, fjármunum eða töfralausnum, heldur því að leiða saman aðila og gefa íbúum kost á að hafa áhrif á þá valkosti sem þær stofnanir sem að verkefninu standa, taka til skoðunar, en endanlegar ákvarðanir eru síðan í höndum þessara stofnana.



ÁFANGAR

Mér finnst gott að
búa á Beldudal af því
það er litill bæ.
Svanur þú.

I. Undirbúningur

Verkefnisstjórn tekur til starfa, fundar með sveitarstjórn, gerir frekari greiningu á stöðu byggðarlagsins og hefur undirbúning fyrir íbúafund og íbúáþing.

II. Boltinn til íbúa

Haldinn er opinn kynningarfundur þar sem fjallað er um verkefnið og kallað eftir sjónarmiðum og vilja íbúa til að vera virkir þátttakendur.

Í framhaldi af því er boðið til tveggja daga íbúáþings, þar sem þátttakendur móta sjálfir dagskrá og umræðuefni. Úr þeim punktum sem hópar skila er gerð samantekt um skilaboð þingsins.

III. Sýn og stefna

Verkefnisstjórn tekur síðan saman tillögu um framtíðarsýn til fjögurra ára, markmið og leiðir, þar sem byggt er á skilaboðum íbúáþings. Verkefni eru sett í farveg eins og kostur er, sum verða á könnu verkefnisstjórnar og önnur í höndum þeirra stofnana sem standa að verkefninu, eða annarra aðila t.d. íbúa og frumkvöðla.

Verkefnisstjórn fundar með þingmönnum kjördæmisins og öðrum stofnunum eða hagsmunaaðilum, eftir atvikum, til að koma skilaboðum íbúáþings og málefnum byggðarlagsins á framfæri.

Haldinn er íbúafundur þar sem tillaga um framtíðarsýn, markmið og leiðir er kynnt og íbúar spurðir fréttu af þeim verkefnum sem þeir ætla að taka upp á sína arma.

IV. Unnið að stefnu

Verkefnisstjórn fylgir eftir og vinnur að þeirri sýn og stefnu sem orðin er til með víðtæku samstarfi íbúa og stofnana. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku íbúa og lifandi samtali, meðan verkefnið varir.

Verið að móta

Verkefnið í „Brothættum byggðum“ hófst sem tilraun í fjórum byggðarlögum. Um þessar mundir er Byggðastofnun, ásamt samstarfsaðilum að móta, hversu lengi verkefnið lifir á hverjum stað, hvernig ákvörðun um framhald eða lok er tekin og framkvæmd hennar. Því er á þessu stigi ekki hægt að svara því hvað lengi verkefnið varir á hverjum stað, en hingað til hefur ferlið, sem lýst er hér á undan, staðið í um tvö ár.

HLUTVERK

Verkefnisstjórn

Byrjað er á að setja saman verkefnisstjórn. Hún er skipuð fulltrúum frá sveitarfélagi, landshlutasamtökum, atvinnuþróunarfélagi og íbúum, einum frá hverjum. Tveir til þrjú fulltrúar koma frá Byggðastofnun og gegnir einn þeirra formennsku í fyrsta til þriðja áfanga verkefnisins. Fulltrúi heimamanna tekur við formennsku í verkefnisstjórn í fjórða áfranga. Hlutverk verkefnisstjórnar er að greina stöðu, undirbúa íbúafundi og íbúaþing, vinna stefnuplagg, meta árangur og taka ákvarðanir um framvindu verkefnis.

Byggðastofnun

Byggðastofnun leggur til aðferðafræðina við verkefnið „Brothættar byggðir“ og stefnir að því að úr verði nýtt verkfæri í byggðamálum á Íslandi. Hlutverk stofnunarinnar er að samstilla krafta allra þeirra sem koma að verkefninu á hverjum stað, sem og á landsvísu. Byggðastofnun hefur, í samstarfi við verkefnisstjórn, forgöngu um að koma skilaboðum íbúa á framfæri við ríkisstjórn, stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun byggðar á staðnum. Byggðastofnun ber kostnað af vinnu og ferðum sinna starfsmanna og leggur til umsjón með íbúafundum og þingum, sem sinnt er af utanaðkomandi fagaðila.

Sveitarfélag

Sveitarfélag tekur þátt í greiningu við upphaf verkefnis, leggur til húsnæði vegna íbúafunda og –þings og sinnir ýmsum framkvæmdaatriðum vegna þeirra. Það ber kostnað vegna húsnæðis, veitinga og auglýsinga fyrir íbúafundi og íbúaþing. Einnig kostnað vegna þátttöku síns fulltrúa og fulltrúa íbúa í verkefnisstjórn. Þá gegnir sveitarfélagið lykilhlutverki við eftirfylgni íbúaþings og tekur þátt í að koma skilaboðum íbúa á framfæri við ríkisstjórn, stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun byggðar á staðnum.

Landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélag

Landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélag leggja til vinnu við greiningu við upphaf verkefnis og mótun stefnuplaggs, sbr. áfanga III. Þessir aðilar gegna mikilvægu hlutverki við að vinna úr hugmyndum og styðja frumkvöðla og taka þátt í því að koma skilaboðum íbúa á framfæri við ríkisstjórn, stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun byggðar á staðnum.



HLUTVERK

Fulltrúi íbúa

Fulltrúi íbúa er tengiliður verkefnisstjórnar og samfélagsins, óháður sveitarfélagi eða öðrum aðilum sem standa að verkefninu. Hlutverk hans er að tjá „rödd“ íbúa á vettvangi verkefnisstjórnar.

Ráðgjafi

Utanaðkomandi ráðgjafi sem hefur sérþekkingu í þátttöku íbúa, hefur umsjón með íbúafundum og –þingum. Starfað er eftir alþjóðlegum gildum og siðareglum. Byggðastofnun ber kostnað vegna þessa liðar, en ráðgjafi tekur ekki afstöðu með einstökum aðilum sem að verkefninu standa, eða hugmyndum. Hlutverk ráðgjafa er fyrst og fremst að standa vörð um þátttökuférlíð, þannig að það standist fagleg viðmið og stuðli að valdeflingu.

